

MONITOR



TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

Fermingarveislan er hafin



Þú átt að elska rúmið þitt

Crown
heilsurúm



Aðeins
kr. 10.541,- á mán.
vaxtalaust í 12 mán.
Fermingartilboð kr. 119.900,-
Stærð 120x200 cm. Fleiri stærðir í boði.

Chiro standard
heilsurúm



Aðeins
kr. 11.915,- á mán.
vaxtalaust í 12 mán.
Fermingartilboð kr. 135.900,-
Stærð 120x200 cm. Fleiri stærðir í boði.

Chiro Deluxe
heilsurúm



Aðeins
kr. 12.773,- á mán.
vaxtalaust í 12 mán.
Fermingartilboð kr. 145.900,-
Stærð 120x200 cm. Fleiri stærðir í boði.

Sjá nánar á www.betrabak.is

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477
Opíð virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16





Mynd/Kristinn

Nylon-stúlkur í detox

Klara, Alma og Steinunn undirbúa Ameríkuför með andlegri og líkamlegri hreinsun.

Stúlkna sveitin The Charlies, sem áður nefndist Nylon, notaði páska átti ekki til þess að úða í sig súkkulaðieggjum, eins og flestir Íslendingar. Þær Klara Ósk Elíasdóttir, Alma Guðmundsdóttir og Steinunn Camilla Sigurðardóttir hafa nefnilega verið í detox hjá Jónínu Ben síðustu daga. Páskamaturinn þeirra var eitt stykki ávaxtasafi.

Skýrari í kollinum

„Þetta er alveg æðislegt. Það sem kemur mér mest á óvart er hvað þetta er nærandi fyrir líkamann og sálina. Þetta er svo mikil slökun,“ segir Klara, sem var stödd á meðferðarstöðinni í Reykjanesbæ þegar Monitor náði tali af henni. Þar hafa stúlkurnar búið undanfarna daga og deila saman herbergi. „Við erum búnar að færa

saman tvö rúm og gistum saman á nóttunni,“ segir Klara.

Detoxið er liður í undirbúningi fyrir Ameríkuför The Charlies, sem stúlkurnar leggja upp í eftir rúman mánuð, en þær gerðu plötusamning við útgáfufyrirtækið Hollywood Records í fyrra. „Það er gott fyrir okkur að vera hérna saman og stilla saman strengina. Ég finn hvað maður verður miklu skýrari í kollinum af þessu og líður á allan hátt betur. Fólk kemur ofboðslega orkumikið út úr þessu. Við þurfum auðvitað að vera þróttmiklar og með hausinn í lagi þegar við förum út,“ segir Klara.

Jónína og Gunnar frábær

Klara ber Jónínu söguna vel og segir hana mikið dugnaðarkvendi. „Við þekktum hana ekkert áður en við komum, en erum búnar að kynnst henni ágætlega núna og hún er alveg frábær. Jónína þykist ekki vera neitt meira en hún er. Hún er ótrúlega hress og jákvæð og hörd af sér. Hún er eiginlega alveg ótrúleg kona og ég dáist að því sem hún er búin að gera hérna,“ segir Klara.

Það hefur varla farið framhjá mörgum að Jónína og Gunnar í Krossinum gengu í það heilaga á dögum, en Gunnar er einmitt líka í detox.

Klara segir hann hafa komið sér skemmtilega á óvart. „Hann er algjör húmoristi. Ég bjóst eiginlega ekki við því að hann væri svona sniðugur,“ segir Klara.

Söngkennari og talþjálfari bíða úti

Upphaflega stóð til að Charlies-stúlkurnar færu til Bandaríkjanna í byrjun þessa árs, en mikil pappírsvinna hefur seinkað förinni. „Við erum einmitt á leið á okkar fyrsta Skype-fund með söngkennaranum um leið og við komum út úr detoxinu. Við þurftum að bíða með fundinn þar til eftir meðferðina, því á meðan á henni stendur má ekki nota farða og við vildum ekki að fyrstu kynni söngkennarans af okkur yrðu þannig,“ segir Klara og hlær.

Auk söngkennara hafa stúlkurnar yfir að ráða talþjálfara, sem mun reyna að gera enskan hreim þeirra eins amerískan og hægt er. „Talþjálfarinn er til þess að koma í veg fyrir að við lendum í vandæðum þegar berum fram textana. Við vildum fá einhvern til að gera okkur sjóaðar í hreimnum og slípa burtu íslenska hreiminn eins og hægt er. Það hjálpar okkur að ná betur tökum á málinu og gerir það að verkum að við stöndum okkur betur í viðtölum úti,“ segir Klara.

Monitor mælir með

Á NETINU Sporcle.com er staðurinn fyrir þig, ef þig langar að missa vinnuna eða falla í öllum prófunum í vor. Þar er að finna ógrynni af heilabrotsleikjum, þar sem maður á til dæmis að fylla inn höfuðborgir landa eða þekkja myndir af tónlistarmönnum. Það er alls ekkert grín að maður verður gjörsamlega háður Sporcle, en þessi fíkn hefur það þó fram yfir flestar aðrar að maður verður klárari af því að glíma við hana.



Í BÍÓ

I Love You Phillip Morris er stórskemmtileg mynd. Jim Carrey hefur stigið mörg feilspor á síðustu árum, en hann er í fínu formi í hlutverki samkynhneigða svikahrappsins Stevens Russells. Það munu þó eflaust einhverjir roðna yfir ástaratlotum hans og Evans McGregors.



FYRIR LÍKAMA OG SÁL Kvöldsvund er eitthvað það besta sem til er. Þótt farið sé að birta og hlýna, er ennþá svalt í lofti og dimmt á kvöldin. Þá er fátt betra en að



skella sér í heita pottinn og svamla um í lauginni. Ekki skemmir fyrir að taka með sér fýsilegan aðila af hinu kyninu. Lykilatriði

áð fara á kvöldin, þegar það er orðið dimmt.

Vikan á...

facebook



Bubbi Mort-hens Sólin kisti mig í morgun ég tók hana í fangið og

hvíslaði þabbi elskar þig hún horfði á mig brúnum augum brosti og sagði at Búið


5. apríl kl. 08:28



Jón Jósep Snæbjörnsson Ég er með spurningu: Ég á 505 vini á

facebook sem ég þekki og er með 501 vinabeiðni. Á ég að segja já við öllum eða halda áfram að handvelja vinina eftir því sem ég nenni?

28. mars kl. 23:07



Unnur B. Vilhjálmsson -BJÓR og pitsa til að jafna sig á geðveikinni

I lifi minu..

5. apríl kl. 13:08



Aron Pálmarsson 2-3 Arsenal, Rosicky 2 og Bendtner 1... áfram Gunners!

6. apríl kl. 18:43



Halldór Halldórsson Er ég sá eini sem sefur ekki af ótta við þetta eldgos?

6. apríl kl. 20:46

Feitast í blaðinu

Leikmenn Breiðabliks fóru til Spánar og tóku frekar vafasamar ljósmyndir



>>4

Kvikmyndasíðan tekur fyrir frumsýningar bíóhúanna um helgina



>>7

Friðrik Dór og Jón Ragnar eru bræður sem eru að gera það gott í tónlistinni



>>7

Simmi og Jói opna veitingastað og fá nikk frá Stebba Hilmars í Nóatúni



>>8

Filófaxið er Biblía fyrir alla sem ætla að gera sér glaðan dag um helgina



>>13

Efst í huga Monitor

Að tapa veðmáli við vin sinn

Sjónvarpsbangsarnir Auddi og Sveppi gerðu skemmtilegt veðmál í síðasta Monitor. Auddi er stuðningsmaður Manchester United, en Sveppi heldur með Chelsea, og veðjuðu þeir um hvort liðið myndi sigra í leik þeirra um síðustu helgi. Sá sem héldi með liðinu sem tapaði þyrfti að láta mynda sig í treyju andstæðingsins og játa að sitt lið væri óæðra. Skemmt er frá því að segja að United tapaði 2-1 á heimavelli og neyðist Auddi því til að kyngja stolti sínu.

„Sveppi kippir sér ekkert upp við það ef Chelsea tapar en ég verð brjáláður þegar United tapar. Þetta hefur furðulegt nokk alveg helling áhrif á mig,“ sagði Auddi og Sveppi bætti við: „Það er svona svipuð tilfinning fyrir mig að vera með veikt barn og það er fyrir Audda þegar United tapar leik.“

Það þarf ekki að taka það fram hversu sárt Audda þótti að fara í Chelsea-treyjuna og lýsa því yfir að þeir bláklæddu væru betri en Rauðu djöflarnir. Myndin hér til hliðar er óneitanlega erfður biti að kyngja fyrir United-menn um allan heim.



Ritstjóri: Björn Bragi Arnarsson (bjornbragi@monitor.is) **Umbrót og hönnun:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)

Blaðamenn: Allan Sigurðsson (allan@monitor.is), Haukur Harðarson (haukur@monitor.is) **Forsíðumynd:** Ernir Eyjólfsson

Auglýsingar: auglysingar@monitor.is **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent

Geimsteinn kynnir útgáfu ársins

Tónleikar í Hljómahöllinni á þriðjudaginn

Útgáfufyrirtækið Geimsteinn stendur fyrir tónleikum í Hljómahöllinni í Keflavík næstkomandi þriðjudagskvöld, 13. apríl, þar sem útgáfa fyrirtækisins á árinu verður kynnt. 13. apríl var afmælisdagur rokkkóngsins Rúnars Júlíussonar, sem lést í desember 2008, en hann hefði orðið 65 ára á þriðjudaginn.

„Við erum með svo stóra útgáfu í ár. Við höfum alltaf verið með uppskeruhátíð í desember, en núna langaði okkur að bjóða upp á stóra tónleika og kynna útgáfuna almennilega,“ segir Björgvin Ívar Baldursson hjá Geimsteini. Ein af þeim hljómsveitum sem gefa út hjá Geimsteini í ár er Lifun,

en Björgvin er einmitt meðlimur í henni. „Það er búið að taka einhver tvö ár að gera plötuna. Ég er með svo mikla fullkunnunaráráttu,“ segir Björgvin. Lára Rúnarsdóttir syngur með Lifun á plötunni, en hún er hætt í hljómsveitinni til þess að einbeita sér að sólóferli sínum.

Tónleikarnir á þriðjudag hefjast klukkan 20 og er frítt inn. Þeir sem koma fram eru Blaz Roca, Klassart, Deep Jimi and the Zep Creams, Valdimar, Bjartmar Guðlaugs og Bergisarnir og Lifun.



BJÖRGVIN ÍVAR ER Í HLJÓMSVEITIN LIFUN



BLAZ ROCA GEFUR ÚT HJÁ GEIMSTEINI Í ÁR



ÞJÁLFAVINN ÓLAFUR KRISTJÁNS FÆR HÁRÞURRUMEDFERÐINA



FYRIRLIDINN KÁRI ÁRSÆLSSON ÁSAMT SIGMARI INGA SIGURÐSSYNI



HÖGNI OG ARON MÁR ERU BESTU VINIR OG GERA ALLT SAMAN

Grillaðir Blikar

Mikil stemning í æfingaferð Breiðabliks á Spáni

Bikarmeistarar Breiðabliks fóru í æfingaferð til Spánar á dögnum til að þjappa hópnum saman fyrir komandi átök í sumar. Kári Ársælsson, fyrirlíði Breiðabliks, segir stemninguna í hópnum einstaklega góða og meðfylgjandi myndir, sem hann tók í ferðinni, eru góð sönnun fyrir því.

„Við höfðum léttu frumleikakeppni. Gengum á milli herbergja og létum menn gera eitthvað frumlegt. Þetta var það sem kom út úr því,“ segir Kári þegar hann er beðinn um að útskýra alla nektina sem blasir við á myndunum. „Svona ferðir eru farnar til þess að þjappa hópnum saman og það er nákvæmlega það sem hún gerði. Þetta var frábært í alla staði,“ segir Kári.

Breiðablik er greinilega eitt hressasta knattspyrnulið landsins og Monitor bíður spennu eftir næsta uppátæki.



HAUKUR BALDVINSSON OG ALFRED FINNBOGASON FREMJA GJÖRNING



JÖKULL OG ARNÓR SVEINN SÝNA NÆRFATALÍNU PEPSIDEILDARINNAR 2010



GUÐMUNDUR PÉTURSSON ER SLÁANDI LÍKUR DAVID BECKHAM



ÆVINTÝRI Í ANDA BROKEBACK MOUNTAIN Í UPSIGLINGU



FINNUR ORRI OG KRISTINN SPILA RASSINN ÚR BUXUNUM OG BUXURNAR AF RASSINUM

Og já...

• Stöð 2 hefur á teiknborðinu íslenskan sjónvarpsþátt um póker, en þátturinn yrði sá fyrsti sinnar tegundar á Íslandi. Stendur til að fjalla á gamansaman hátt um pókermenninguna hér á landi og þá á að halda stórmót, þar sem stórlaxar landsins í póker keppa um stór peningaverðlaun. Það eru þeir **Valur Heiðar Sævarsson**, betur þekktur sem Valur í Buttercup, og **Davíð Rúnarsson** sem eru hugmyndasmiðir þáttarinn.



• Ekkert hefur verið ákveðið um hver muni stjórna þættinum, en fregnir herma að þeir Valur og Davíð hafi rætt við aðstandendur þáttanna Atvinnumennirnir okkar um að búa til þættina. Atvinnumennirnir okkar slógu eftirminnilega í gegn og voru tilnefndir til Edduverðlauna, en leikstjóri þeirra var knattspyrnumaðurinn **Hannes Þór Halldórsson**.



• **Haffi Haff** er í viðræðum við útgáfufyrirtækið Borgina um að gefa út fyrstu breiðskífu sína sem er væntanleg í sumar. Haffi mun fyrst hafa rætt við Senu sem hafnaði kappanum. **Steinþór Helgi Arnsteinsson** og félagar hjá Borginni eru talsvert spennari fyrir tónlist Haffa Haff og heimildir Monitor herma að verið sé að rissa upp samning þeirra á milli. Borginni gekk vel í plötuútgáfu í fyrra, en á þeirra snærum voru meðal annars Hjalmar og Hjaltalín.



• Fegurðar-drottningarnar **Jóhanna Vala Jónsdóttir** og **Ásdís Svava Hallgrímsdóttir** eru orðnar fullgildar flugfreyjur. Jóhanna var valin Ungfrú Ísland árið 2007 og Ásdís Svava hafnaði í öðru sæti í sömu keppni árið áður. Þær stóllur eru vinkonur en fengu vinnu hjá sitthvoru flugfélaginu, Jóhanna Vala hjá Icelandair, en Ásdís Svava hjá Iceland Express. Þótt félögin séu í harðri samkeppni hafa skvísurnar látið hafa eftir sér að öll dýrin í skóginum eigi að vera vinir og hafa víst ákveðið að láta smella af sér mynd saman í flugfreyjugöllumum í sumar.



• **Bergur Ebbi Benediktsson** er fjölhæfur með eindæmum. Bergur er starfandi lögræðingur og meðlimur í grínhópnum Mið-Ísland, en hann hefur þrátt fyrir það fundið sér tíma til að semja ljóðabók. Bókin ber heitið Tími hnyttinnar er liðinn og kemur út hjá Máli og menningu í maí.



• Annar Mið-Íslendingur, **Ari Eldjárn**, sló í gegn á Aldrei fór ég suður hátíðinni um síðustu helgi. Þá söng hann lög Bubba Morthens við undirleik Hjaltalín. Ari er orðinn svo góður í að herma eftir Bubba að hann gæti blekkt Bubba sjálfan.





Fólk vill sjá íslensk bönd

Localice gerir það gott í myndbandagerð og stendur fyrir heljarinnar rokkveislu á Nasa.

Localice Productions er ungt og metnaðarfullt fyrirtæki með stór framtíðaráform sem sérhæfir sig í gerð tónlistarmyndbanda. Þrír félagar, Arnar Helgi Hlynsson, Egill Björnsson og Unnar Helgi Danielsson, reka fyrirtækið sem er með starfsstöðvar bæði á Íslandi og Bretlandi þar sem Arnar og Egill eru búsettir og stunda nám samhliða því að reka fyrirtækið. Þeir standa fyrir heljarinnar rokkveislu á Nasa á föstudagskvöldið, sem er aðeins upphafið að því sem koma skal.

„Localice er í raun margþætt framleiðslufyrirtæki en við höfum lagt langmesta áherslu á gerð tónlistarmyndbanda hingað til. Tónleikarnir á föstudaginn eru fyrstu stóru tónleikarnir sem við höldum en planið er að fara meira út í tónleikahald í framtíðinni,“ segir Arnar Helgi. Alls koma sjö íslenskar hljómsveitir fram á tónleikunum á Nasa, sem hafa hlotið nafnið Localice Live. Þær eru Cliff Clavin, For a Minor Reflection, Noise, Ten Steps Away, Nevolution, Our Lives og síðast en ekki síst Sign með Ragnar Sólberg í broddi fylkingar, sem hefur ekki spilað á Íslandi í meira en ár.

Í samstarfi við Kerrang! og iTunes

Arnar viðurkennir að svona tónleikum fylgi alltaf ákveðin fjárhagsleg áhætta en kveðst þó hafa fulla trú á íslenska tónlistarmarkaðnum. „Í dag koma ekki jafn margir erlendir tónlistarmenn til landsins og var hérna fyrir nokkrum árum. Mér finnst íslenskt tónlistarlíf vera að taka virkilega við sér. Ég velti því stundum fyrir mér hvort hljómsveitir á borð við Diktu, sem eru að fylla stóra tónleikastaði trekk í trekk, hefðu gert það hérna í kringum 2007 þegar úrvalið af erlendum listamönnum var gífurlegt. Í dag held ég að fólk vilji sjá íslenska bönd á sviði,“ segir Arnar. Localice hefur náð athyglisverðum



Myndbönd sem þú gætir hafa séð eftir Localice

- Cliff Clavin** - Midnight Getaways
- Cliff Clavin** - This is Where We Kill More Than Time
- Dikta** - Thank You
- Nevolution** - All I See
- Noise** - Stab in the dark
- Sign** - The Hope
- Ten Steps Away** - Point of Desperation

samstarfssamningum við stór fyrirtæki erlendis og ber hæst að nefna rokk tímaritið Kerrang! „Við náðum að landa samstarfssamningi við Kerrang! um að þeir streymi Localice Live tónleikunum beint á vefnum sínum. Hugmyndin er að þessir tónleikar verði góður sýningargluggi fyrir íslenskar hljómsveitir sem vilja koma sér á framfæri. Við ætlum að reyna að halda þessi kvöld að minnsta kosti tvisvar á ári og vonandi áfram í samstarfi við Kerrang!“ segir Arnar en Kerrang! er eitt vinsælasta tímaritið í rokksennu á heimsvísu.

„Við höfum líka verið að gera myndbönd fyrir iTunes sem birtast á heimsíðunni þeirra. Starfsemin hefur verið að vinda mjög mikið upp á sig að undanförmu. Við byrjuðum einungis í tónlistarmyndböndum en erum komnir út í heimildarmyndagerð og tónleikahald. Það má segja að við höfum byrjað á botninum og unnið okkur upp þaðan,“ segir Arnar að lokum. Miðasala á tónleikana fer fram í verslunum Skífunnar, Retro í Smáralind og á miði.is.



Sundsamlega gott!
Heilsulindir í Reykjavík



Laugarnar í Reykjavík



www.itr.is | sími 411 5000

FERILLINN



Liam Neeson

Hæð: 193 sentimetrar.

Besta hlutverk: Oskar Schindler í Schindler's List.

Skrýtin staðreynd: Hefur leikið fjölmargar persónur sem voru til í alvörunni, svo sem Rob Roy, Oskar Schindler, Michael Collins og Alfred Kinsey.

Eitruð tilvitnun: „Það er athyglisvert að eftir því sem maður nær meiri árangri, þeim mun fleiri vilja gefa þér fría hluti.“

1952 Fæddur 7. júní í bænum Ballymena á Norður-Írlandi.

1971 Hefur nám í eðlis- og tölvunarfræði í háskóla í Belfast, höfuðborg Norður-Írlands, en hættir og fer að starfa fyrir Guinness-bjórframleiðandann.

1978 Þreytir frumraun þegar hann leikur Jesú Krist í trúarmyndinni Pilgrim's Process.

1987 Flytur til Hollywood, með það fyrir augum að meika það. Á þessum tíma hafði hann búið í London í nokkur ár og leikið aukahlutverk í nokkrum kvikmyndum, meðal annars í The Mission (1986) með Robert DeNiro og Jeremy Irons.

1990 Kemur sér á kortið fyrir alvöru þegar hann leikur aðalhlutverkið í ofurhetjumyndinni Darkman eftir Sam Raimi.

1994

Hlýtur sína fyrstu og einu Óskartilnefningu fyrir hlutverk sitt sem Oskar Schindler í kvikmyndinni Schindler's List, sem kom út árið á undan. Tapar fyrir Tom Hanks úr Philadelphia.



1994 Kvænist leikkonunni Natöshu Richardson og eignast með henni tvo syni, Michael (1995) og Daniel (1996).

1999 Leikur Jedi-riddarann Qui-Gon Jinn í Star Wars Episode I: The Phantom Menace.

2009

Natasha, eiginkona hans, deyr af völdum alvarlegra höfuðáverka sem hún hlaut í skíðaslysi í Kanada.



Frumskýningar helgarinnar

Clash of the Titans

Leikstjóri: Louis Leterrier.

Aðalhlutverk: Sam Worthington, Liam Neeson, Ralph Fiennes, Danny Huston, Gemma Arterton, Mads Mikkelsen, Alexa Davalos og Pete Postlethwaite.

Lengd: 100 mínútur.

Dómar: IMDb: / Metacritic: / Rotten Tomatoes:

Aldurstakmark: 14 ára.

Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Keflavík, Selfossi og Akureyri.

Perseus (Worthington) býður sig fram til að leiða hóp stríðsmanna niður í helvíti Hadesar (Fiennes), eftir að Hades hefur myrt fjölskyldu hans. Perseus og menn hans þurfa að sigra Hades áður en hann hrifsar völdin af Seifi (Neeson) og skapar helvíti á jörðu. Perseus þarf að glíma við eigin örlög og setta sig við að hann er guð, til þess að geta sigrað ýmsa djöfla og skrímsli



ENDURGERÐ FRÁ 1981

Clash of the Titans er endurgerð samnefndrar kvikmyndar frá árinu 1981. Þar fór stórleikarinn Laurence Olivier með hlutverk Seifs og Bond-skvisan Ursula Andress með hlutverk Afródítu. Með hlutverk Perseusar fór Harry Hamlin, sem hefur lítið markvert gert síðan. Gamla myndin kostaði litlar 16 milljónir Bandaríkjadollara í framleiðslu, en kostnaðurinn við nýju myndina nemur 125 milljónum dollara.



MARK WAHLBERG BORGAR STEVE CARELL OG TINU FEY FYRIR AÐ FINNA BOLINN SINN

Date Night

Leikstjóri: Shawn Levy.

Aðalhlutverk: Steve Carell, Tina Fey, Mark Wahlberg, Ray Liotta, James Franco, Leighton Meester, Mark Ruffalo og Mila Kunis.

Lengd: 88 mínútur.

Dómar: Engir dómar komnir.

Aldurstakmark: 10 ára.

Kvikmyndahús: Smárabíó, Laugarásbíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri.

Lífð er frekar hversdagslegt og sambandið einhæft hjá hjónaleysunum Phil (Carell) og Claire (Fey) svo þau ákveða að gera sér dagamun og fara út að borða á finan veitingastað. Vegna misskilnings lenda þau í hlutverki glæpahjóna á flótta í bullandi vandræðum.



VILTU VINNA MIÐA?

Monitor ætlar að gefa nokkrum heppnum lesendum tvo miða á **Date Night**. Það eina sem þú þarft að gera er að fara inn á Facebook-síðu Monitor og skrifa athugasemd á kvikmyndaþráð vikunnar. Þú finnur okkur með því að slá inn „Tímaritið Monitor“ í leitarstrenginn. Dreigið verður á mánudag úr þeim nöfnum sem skrifuð eru á þráðinn.



TINA FEY, STEVE CARELL, COMMON OG LEIGHTON MEESTER Á FRUMSKÝNINGU DATE NIGHT Í NEW YORK Í VIKUNNI

EUROVISION



EURO-HAUKUR ER DÓSENT Í EUROVISION

Valkvíði Hvít-Rússa

Valkvíði er nokkuð sem margir vilja kalla lúxusvandamál. En valkvíði virðist samt hrjá Hvít-Rússa, þjóð sem maður hefði haldið að glímdi við nógu mörg vandamál fyrir. Vandamál sem ekki verða leyst með kókusölu í Kringlunni.

Það gerðist í annað sinn á dögnum, í fremur stuttri Eurovision-sögu Hvíta-Rússlands, að lag sem hafði verið kynnt sem framlag landsins var dregið til baka á síðustu stundu. En ólíkt nágrönnum sínum í Úkraínu, sem báru við pólitískum ástæðum, þá finnst Hvít-Rússum það einfaldlega frekar leiðinlegt þegar lagið þeirra þykir lélegt.

8 vikur í Eurovision



Pannig var það allavega árið 2005, en þá var fulltrúi landsins hin snoppufríða Angelica Agurbash,

fyrirverandi ungfrú Hvíta-Rússland og meira að segja fyrirverandi Miss Photo USSR - titill sem eflaust hefur verið slegist um í gömlu Sovétríkjunum.

Angelica var því líklega ekki vön höfnun. Lagið hennar, Boys and girls, sem fjallaði lauslega um gíslatökuna í Beslan, fékk hins vegar hörmulegar viðtökur erlendis eftir að það var valið sem framlag landsins. Hún heimtaði því að fá að skipta um lag og söng á endanum lagið Love me tonight. Hún uppskar þó enga ást á keppniskvöldinu og komst ekki upp úr undanúrslitunum.

Maður hefði haldið að þessi litla saga hefði kennt Hvít-Rússunum lexíu en svo virðist ekki vera. Sönghópurinn 3+2 hefur skipt út laginu Far Away sem hafði verið kynnt sem framlag landsins í ár og í staðinn er komið lagið Butterflies. Skemmst er frá því að segja að bæði lögin eru léleg og það seinna líklega verra en hið fyrra. Þau geta þó reynt að gera fleiri breytingar og umbætur fram að stóru stundinni. Þau gætu kannski skipt um söngvara eða bara um kyn ef þau halda að það muni hjálpa.

En þegar þeim hefur verið snúið heim eftir forkeppnina í Ósló skulum við samt vona að þau hafi loksins lært það sem við lærðum flest í grunnskóla: **Maður á aldrei að breyta krossinum á síðustu stundu.**



Bræður munu berjast...

um vinsældir

Mynd/Arni Sæberg

Friðrik Dór og Jón Ragnar Jónsson eru bræður úr Hafnarfirði, sem báðir eru að gera það gott í tónlistinni.

Friðrik Dór Jónsson er einn heitasti popptónlistarmaður Íslands í dag. Hann sló í gegn með laginu Hlið við hlið, sem var eitt af vinsælustu lögum Íslands í fyrra. Annað lag með honum, Á sama stað, hefur einnig notið mikilla vinsælda. Bróðir hans, Jón Ragnar, sendi nýverið frá sér sitt fyrsta lag, Lately, sem hefur verið mikið spilað á Rás 2. Þar er á ferðinni hressst sumarpoppr að bandarískri fyrirmynd, sem gefur góð fyrirheit um það sem koma skal.

„Það er ekki beint hægt að segja að við höfum glímt við mikla erfíðleika, sem við þurfum að vinna okkur út úr í tónlistinni.“ segir Jón, þegar blaðamaður vill stimpla þá sem íslenska poppútgáfu af Gallagher-bræðrunum úr Oasis. „Líf okkar hefur verið frekar einfalt,“ segja bræðurnir, sem ólust upp í Setberginu í Hafnarfirði, stunduðu báðir tónlistarnám og gengu báðir í Verzló, þar sem þeir voru í aðalhlutverkum í söngleikjum skólans, hvor á sínum tíma.

„Við höfum alltaf spilað og sungið mikið saman, en við höfum kannski ekki unnið mikið saman og ekki líklegt að það gerist í brád,“ segir Friðrik. Jón tekur undir það og segir samvinnuna að mestu felast í því að gefa álit og gagnrýni. „Við erum kannski frekar að halda hvor öðrum á tánum. Þegar ég var úti í Bandaríkjunum áttum við oft Skype-samtöl og sýndum hvor öðrum eitthvað sem við vorum að gera,“ segir Jón.

„Okkar besta samvinna til þessa er samt þegar ég braut baðherbergishurðina heima, þegar ég sló beltissylgu á eftir Jóni,“ segir Friðrik og bræðurnir hlæja. „Þetta gerðist í fyrradag,“ grínast Jón.

Fyrsta íslenska RNB-platan

„Fyrsta skipti sem ég söng var í söngvakeppni Samfés í 10. bekk, þá spilaði ég á trommur og söng í laginu Afgan,“ segir Friðrik og fullyrðir að hann sé hinn íslenski Phil Collins. Upphafið að sólótonlistarferli hans má rekja til þess að hann hóf að skrifa söngleik, ásamt tveimur félögum sínum, og samdi lagið Hlið við hlið fyrir það verkefni. „Það varð reyndar ekkert úr söngleiknum, en mér fannst

lagið gott og talaði við félagi mína í Redd Lights um hvort þeir vildu ekki taka þetta alla leið og gera slagara úr þessu,“ segir Friðrik.

Þar á bæ höfðu menn litla trú á verkefninu til að byrja með. „Ég var einmitt að tala við Inga úr Redd Lights um daginn og hann sagði mér að það fyrsta sem hann hugsaði þegar við gerðum þetta var: „Djöfull nenni ég þessu ekki. Hvað fáum við út úr því að gera þetta lag með þessum gaur?“ En þetta gekk vonum fram,“ segir Friðrik.

Það eru orð að sönnu, því Friðrik gerði nýverið plötusamning við Senu og gefur út sína fyrstu plötu í haust. „Þetta verður 12 laga plata með lögum eftir mig. Líklega fyrsta alvöru íslenska RNB-platan sem gefin er út í heiminum,“ segir Friðrik, en hann er þegar byrjaður að vinna að plötunni. „Ég er einmitt að gefa út lag núna, sem heitir Fyrir hana. Það fjallar um hana sem ég átti einu sinni, en hann er dáinn í dag,“ grínast Friðrik og uppsker mikinn hlátur bróður síns og blaðamanns. „Nei, þetta er svona

sumarsmellur. Mér finnst þetta mjög skemmtilegt lag og hef trú á því,“ segir Friðrik.

Of væminn á íslensku

Jón fór til Boston í hagfræðinám eftir að hann kláraði Verzló og útskrifaðist vorið 2009. „Menningin þarna úti er svolítið öðruvísi en hérna heima. Menn eru reiðubúnari að gefa nýju dóti tækifæri og fíla að hlusta á og uppgötva nýja tónlist. Það var mjög skemmtilegt að spila fyrir ameríska krakka, sem kunnu vel að meta það sem maður var að gera, og það hvatti mig til að halda áfram að spila og semja,“ segir Jón, sem setti saman hljómsveit með félögum sínum þegar hann flutti aftur til Íslands.

„Þegar ég útskrifaðist var ég kominn með einhver 15 lög, þannig að þegar ég kom heim ákvað ég að setja saman band og byrja að spila,“ segir Jón, sem fór til New York með hljómsveitinni í haust og lék þar á nokkrum tónleikum. „Það var eiginlega þar sem okkur varð ljóst að við þyrftum að gera eitthvað af viti við þetta. Ekki bara setja þetta á Facebook og láta þar við sitja,“ segir Jón.

Hann telur að það sé erfiðara að ná hylli íslenskra hlustenda með lög sem sungin eru á ensku, en hefur þó litlar áhyggjur af því. „Ég

Um daginn spurði einhver stelpa, líklega svona 14 ára, hvort ég vildi koma í bíó.

vil hafa lögin á ensku og verð að vera samkvæmur sjálfum mér,“ segir Jón og bætir við að textasmíðar séu ekki hans sterkasta hlið. „Ég hef alltaf hlustað fyrst og fremst á tónlistina. Ég held að að lögin mín yrðu líka asnaleg á íslensku, ég er svo væminn.“

„Mín lög eru ekki væmin,“ grípur Friðrik inn í. „Ég sem um stríð og byssur. Næsta lag fjallar um hungursneyð. Svo ætla ég líka að gefa út kreppulag,“ grínast hann, en játar svo að hann sé síst minna væminn en Jón.

Boðið í bíó af grunnskólastelpum

Markhópur þeirra bræðra er óneitanlega ekki sá sami og Friðrik gengst við því að stærsti hluti aðdáenda hans sé í yngri kantinum. „Ég er reyndar að ná til aðeins eldri hóps en ég átti von á. Ég spila alveg fyrir 20 plús, en ég er kannski ekkert að heilla einhverjar húsmæður,“ segir Friðrik. „Víst!“ segir Jón og heldur áfram: „Ég spilaði um daginn í félagsmiðstöð. Þau þekktu coverlögin sem við tókum, en kveiktu ekki eins vel á mínu eigin efni. Svo mætti Friðrik sem leynigestur í lokin, þá varð allt vitlaust,“ segir Jón og hlær.

Talið berst að vinsældum Friðriks meðal unglingsstúlkna. „Ég er með einhverja sex hundruð vini á Facebook sem ég þekki ekki og einstaka sinnum fæ ég fyndin skilaboð. Um daginn spurði einhver stelpa, líklega svona 14 ára, hvort ég vildi koma í bíó. Hún bauðst meira að segja til þess að borga,“ segir Friðrik og hlær, en neitar því að hann verði fyrir miklu áreiti.

Þekkt er að menn í hans stöðu fá líka á sig vænan slurk af skítkasti. Aðspurður hvort menn séu mikið í að drulla yfir hann segir Friðrik: „Drullillí fer aðallega fram á YouTube og svoleiðis stöðum. Þá eru það einhverjir gaurar sem kalla sig „I H8 My Life“ og verða að vera geðveikt neikvæðir. En flestir sem gefa sig á tal við mig eru bara góðir á því og segjast fíla þetta.“



JÓN RAGNAR JÓNSSON

Fyrstu sex: 30.10.85
Áhrifavaldar: Ég er bara ógeðslega „mainstream“. Ég get nefnt Coldplay, Ben Harper, Gavin DeGraw, John Mayer og Jack Johnson. Ég vil ekki nefna James Morrison því hann er bara einu ári eldri en ég, en hann er flottur.
Eftir þrjú mánuði: Að spila einhver svöl sumargigg á skemmtilegum stöðum.
Eftir þrjú ár: Ennþá að spila og búinn að gefa eitthvað út. Svo væri gaman að taka einn háskólatúr í Bandaríkjunum.



FRIÐRIK DÓR JÓNSSON

Fyrstu sex: 07.10.88
Áhrifavaldar: Þetta hefur þróast frá einhverju Led Zeppelin yfir í Jack Johnson og Ben Harper. Úr því yfir í Lauryn Hill og í dag er ég farinn að hlusta meira á svona „próduða“ efni eins og Ne-Yo og The-Dream.
Eftir þrjú mánuði: Að spila út um allt, gefa út lög og klára plötuna, sem kemur út í haust.
Eftir þrjú ár: Búinn að gera svo mikið af svölu stöffi að fólki finnst í lagi að ég sé með sólgleraugu inni.

Engar beinagrindur í skápnnum

Simmi og Jói leggja allt undir á hinn heilaga hamborgara og opna Hamborgarabrikkuna. Þeir eru meðvitaðir um hættuna á því að sá fyrrnefndi hlaupi í spik.

Eftir Björn Braga Arnarsson bjornbragi@monitor.is
Myndir: Emir Eyjólfsson ernir@mbl.is

Sigmar Vilhjálmsson og Jóhannes Ásbjörnsson, betur þekktir sem Simmi og Jói, hafa verið fastagestir á sjónvarpsskjám landsmanna undanfarin ár í þáttum á borð við 70 mínútur, Idol-stjörnuleit og nú síðast í Wipeout. Að auki hafa þeir stjórnað geysivinsælum útvarpsþætti á Bylgjunni alla laugardagsmorgna undanfarin þrjú ár.

Það virðist flest sem drengirnir snerta verða að gulli, en nú hefst nýr kafli í lífi þeirra. Simmi hætti í starfi sínu sem markaðsstjóri Tals síðasta sumar og Jói sagði í kjölfarið upp á markaðsdeild Landsbankans. Ætlun þeirra var að opna hamborgarastað og hefurdubúningur staðið yfir í vetur. Föstudaginn 9. apríl verður bitidi í fyrsta hamborgarann á Hamborgarabrikkunni.

Nú þegar þið eigið veitingastað, má ekki gera fastlega ráð fyrir því að þið verðið spikfeitir áður en langt um líður?

J Það má alveg búast við því. En ég er meðvitaður um hættuna sem fylgir því að eiga veitingastað, þannig að ég er búinn að skrá mig í mjög strangt aðhaldsnámskeið. (Simmi er að borða brauðstöng þegar hann lætur þessi orð út úr sér.)

Það er greinilega ekki byrjað.

S Nei, það er reyndar ekki byrjað. **J** Við erum á átunni núna. Við höfum hreinlega ekki tíma til að fara í ræktina. Þetta hafa verið geðsjúkir mánuðir í vinnu og ekki minnkar það núna.

S Þegar maður er í þessum lífsstíl og mætir ekkert í ræktina er voðalega erfitt að skammta matinn sinn.

J Enda erum við báðir búnir að fitna svolítið. Ég er búinn að bæta á mig svona fimm kílóum síðan í haust.

S Átta hér. En ég er fljótur að ná af mér. Ég er eiginlega jafn fljótur að ná af mér eins og ég er að bæta á mig. Ef glöggir áhorfendur eru eitthvað að fylgjast með sjónvarpsþáttunum má sjá að ég er stundum spikfeitur í upphafi þáttarins, en seinna í þættinum er ég kannski búinn að minnka talsvert.

J Ég fitna hins vegar hægt og fitna alls staðar. Ég var orðinn alveg silspikaður um aldamótin. Þá var ég 98 kíló.

S Þú varst kallaður Hómer.

J Já, ég fæ svo stóran rass þegar ég fitna og passa ekki í þessar buxur. Ég fitna asnalega.

Þá vorum við líka að borða svona einn og hálfan Doritos-poka hvor í hverju

Simmi var einu sinni að vinna í Sportkringlunni, sem var íþróttavöruslun. Stærsta stund hans í því starfi var að afgreiða Björn Ulvæus úr Abba sem kom óvænt í búðina.

einasta hádegi og drekka svona lítra af pepsi með. Þetta var alltaf á borðinu hjá okkur í 70 mínútum.

S Ég var orðinn 120 kíló, en ég fór í átak eftir það og missti 20 kíló. Þegar ég er í mínu besta formi er ég 100 kíló.

Hvað eruð þið þungir í dag?

S Ég er 110.

J Ég er 87.

S Finndu haminn...

(Simmi stendur upp og neyðir blaðamann til að þreifa á aftanverðum lærvöðvanum, sem hann segir eina af ástæðunum fyrir því að hann er yfir kjörþyngd. „Hamurinn“ er óneitanlega stinnur og glæsilegur.)

S Finndu þríhöfðann líka...

(Blaðamaður er farinn að óska þess að hann hefði valið aðra viðmælendur.)

Hvenær kviknaði hugmyndin að því að opna veitingastað?

J Hún er svolítið gömul. Við höfum lengi velt því fyrir okkur hvort við gætum nýtt okkar persónur og það sem við höfum verið að stússast í til þess að skapa okkur lífsviðurværi til frambúðar. Það var alltaf ein af hugmyndunum að opna veitingastað. Þegar Simmi hætti í vinnunni sinni síðasta sumar og þurfti að finna sér eitthvað nýtt kom þessi hugmynd aftur upp og varð að veruleika alveg ótrúlega fljótt. Ég var búinn að vera í bankanum í fimm ár og það var kannski minna sem togaði í mann þar en áður. Það þurfti ekkert mikið til að sannfæra mig um að segja upp líka.

Hvaða markmið hafið þið sett ykkur með Fabrikkuna?

S Ég sé bara fyrir mér að þetta verði sígildur veitingastaður og fastur póstur um okomin ár. Veitingastaður sem ávallt er gaman að koma á og við alltaf tilbúnir að endurnýja og breyta.

J Skammtíamarkmiðið er að láta reksturinn ganga upp og gera hann arðbæran. En það eru engin skrytin markmið um að verða ríkir fljótt. Okkur langar til þess að eiga þennan stað þegar við verðum gamlir.

S Við verðum ekki milljónamæringar af þessum stað.

J Það var frábært að gera þetta í kreppunni, annars hefðum við gert þetta á röngum forsendum.

S Með erlent lán og svona.

Þið hafið aldrei verið í fullu starfi við fjölmiðla. Hefur það ekkert heillað ykkur?

J Ekki mig. Ég hef engan svakalegan áhuga á öðrum fjölmiðlaverkefnum en þeim sem við erum að sinna núna.

S Jú, ef maður fengi fjármagnnið til að gera það sem mann langar til að gera. Það þyrfti að vera það stórt. Ég myndi ekki nenna að lesa fréttir til þess að geta verið með þátt

eins og Logi í beinni. Ég hef sjálfur ekki áhuga á því að lesa fréttir og myndi ekki vilja þurfa að gera það til þess að réttlæta að vera með eigin sjónvarpsþátt.

J Mér finnst þetta fyrirkomulag alveg frábært, að vera ekki háðir. Við höfum alltaf haft eitthvað annað aðalstarf og þar af leiðandi getað valið hvað við tökum að okkur. Um leið og maður er orðinn fastráðinn fjölmiðlamaður þarf fyrirtækið auðvitað að láta mann vinna og þá þarf að velja verkefni af nauðsyn frekar en kostgæfni. Þá er óumflýjanlegt að maður taki að sér misgóð verkefni.

Hvað er það sem ykkur dremmir um að gera í fjölmiðlum, ef þið fengjuð fjármagnnið til þess?

S Okkur langar, að minnsta kosti áður en við deyjum, til þess að stýra þætti í anda Saturday Night Live. Þá þyrfti maður að hafa viku til þess að vinna þáttinn, hann yrði í beinni útsendingu, með öllum nauðsynlegum leikmunum og helst tekinn upp á Litla sviðinu í Borgarleikhúsinu.

J Þetta er ekki kreppuþáttur. Þetta er góðærisþáttur.

■ ■ Ég held að það hafi verið Simmi sem tók í mig á sínum tíma og sagði mér að snoða mig. Ég var lentur í smá skallarexíu, án þess að vita af því.

Fjölmiðlaverkefni ykkar hafa verið af þeim toga að þið hafið þurft að spila svolítið eftir reglunum og vera frekar „mainstream“. Erud þið ekki algjörir durgar í raunveruleikanum?

J Við höfum alltaf verið frekar „mainstream“. Mér finnst við alltaf hafa verið frekar venjulegir fjölmiðlamenn og við höfum aldrei litið á okkur sem einhverja grínista. Við höfum frekar reynt að vera skemmtilegir en eitthvað svakalega myndir.

S Fjölmiðlar ganga út á að afla tekna, hvort sem fólk líkar það betur eða verr. Það eina sem selur er „mainstream“.

J Við dönsnum nú oft á línunni á Bylgjunni. En við erum frekar vænir strákar í raunveruleikanum og það eru engar beinagrindur í skápnnum. Við hefðum alveg getað tekið einhverja aðra stefnu, en það var kannski Idolið sem læsti okkur svolítið á þeirri braut sem við erum í dag. Kannski hljómar það kjánalega en við urðum svolítið „allra“ þá.

S Það er miklu auðveldara að vera öðruvísi og vera „rebel“ heldur en að ná því að verða „allra“.



viðtalið

J Þegar við vorum að byrja á PoppTívi horfði enginn á okkur. Svo komst þetta inn undir hjá krökkunum og þannig fóru foreldrarir að horfa, yfir öxlina á þeim. Þannig sprakk PoppTívi út, þetta varð ansi vinsæll þáttur og við náðum frábærum árangri hjá yngri markhópum. Idolið varð svo auðvitað alveg svakaleg bomba og það myndaðist algjört Idol-æði. Eftir það höfum við verið frekar uppteknir af áhorfi og tölum. Þegar maður er búinn að vera í svona stóru þáttum er maður ekkert að fara að vera eitthvað jaðar. Þá finnur maður hvatningu í því að skoða hlustunar- og áhorfstölur. Það verður gulrótin og maður vill bara vera í stóra leiknum.

Þið gerið mikið af því að semja grínlög í útvarpsþættinum ykkar. Hafið þið aldrei viljað gera alvöru tónlist?

S Við eigum eitt popplag, Týpíska lagið. Það náði toppnum á íslenska listanum í eina viku, en var slegið út af Auðda Blöndal og Sverri Bergmann.

J „Ég skæri mér hjartað úr með skeið.“ Það var Auðunn Blöndal.

S Hann kann að slá því upp í grín í dag, en hann var í alvörunni að semja þetta lag. Hann meinti þetta lag. Honum fannst þetta mjög kúl og var stoltur af því.

J Ég hef náttúrulega stússast mikið í tónlist og ætlaði mér alltaf að verða tónlistarmaður. Ég kannski kláraði það þegar ég, Pálmi, Sjonni og Hilmir Snær settum upp Bítl í Loftkastalanum. Ég hafði verið í einhverri barspilamennsku fram að því, en hætti því að mestu eftir Bítl.

Simmi á næstum 5.000 vini á Facebook en Jói innan við 2.000. Hvaða ályktun má draga af þessu?

J Að Simmi samþykki alla vini, en Jói er selektívur.

S Já, ég byrjaði fyrir að samþykkja alla, en Jói er farinn að samþykkja alla núna.

J Ég verð að ná þér maður. Þetta eru allt væntanlegir „hamborgarar“.

Jói, þú varst að gerast vinur Anitu Briem.

Hvor addaði hverjum?

J Ég addaði henni.

Mitt furðulegasta bransaheils er Annþór Karlsson.

Hvers vegna?

J Bara „one celeb to another“. (Hlær.)

S Það er meginmunurinn á mér og þér, ég er ekki búinn að adda vinum frá því að ég byrjaði á Facebook.

J Ég adda alltaf öðru hvoru. Einhverjum sem gætu talað vel um hamborgarana mína.

S Þú þekkir ekkert Anitu Briem.

J Nei, ég myndi bara bransaheilsa henni.

S Varstu að adda Anitu Briem? (Hneykslaður.)

J Já.


(Simmi gerir mikið grín að Jóa og hrósar blaðamanni fyrir rannsóknarvinnuna. Verðlaun fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins sendist á skrifstofu Monitor.)

Segið mér meira frá bransaheilsinu.

J Um leið og Ingibjörg Sólrún var búin að drekka ógeðsdrykk á PoppTívi fóru allir stjórn-málamenn að heilsa okkur. Þegar við urðum svona frægir í Idolinu byrjaði þetta svo af alvöru. Við höfum oft grínast með að það er svona „klan“ af frægum á Íslandi og það heilsa allir hver öðrum, alveg sama hvort þeir þekkjast eða ekki. Þú færð kannski nikk frá Stebba Hilmars á kassanum í Nóatúni.

S Mitt furðulegasta bransaheils er Annþór Karlsson. Ég veit ekki af hverju hann heilsaði mér, en hann heilsaði mér og ég heilsaði til baka, enda þorði ég ekki öðru.

Að lokum, Simmi hvað ertu búinn að borða margar brauðstangir á meðan á viðtalinu stóð?
S Átta.



Hvað er mest pirrandi við hann?

J Það getur verið fjandanum erfiðara að rökræða við hann, en mér tekst það nú yfirleitt alltaf. Þegar hann er kominn í ham með sannfæringskraftinn sinn er best að biðja bara aðeins og koma svo seinna og reyna að ná lendingu.

S Það er mjög pirrandi að hann á aldrei sjálfur í vörina.

Þetta má eiginlega ekki fara í blaðið, því mamma og pabbi víta ekki að ég tek í vörina.



Hvernig er auðveldast að fara í taugarnar á honum?

J Með því að vera latur og láta hann vinna meira en maður gerir sjálfur. Ef ég læt hann gera eitthvað af því að ég er sjálfur að fara að gera eitthvað skemmtilegt.

S Það eru ansi margar leiðir til þess. Auðveldasta dæmið er að byrja að ræða Bítlana og gera grín að þeim.



Simmi segir að David Beckham sé stærri en Bítlarnir.

Fyrir hverju er hann viðkvæmastur?

J Ég hélt alltaf að hann væri alveg kúl með það hvað hann á auðvelt með að bæta á sig. En það er búið að gera svolítið mikið úr því núna undanfarið og ég held að það stingi aðeins. Ég gerði mér bara ekki grein fyrir því.

S Ég held að Jói sé almennt ekkert svakalega viðkvæmur. Á sínum tíma var hann viðkvæmur fyrir hárfyrningunni, þar til hann horfðist í augu við vandamálið. Hann er líklega viðkvæmastur fyrir gagnrýni. Hann má ekki víta af neikvæðu bloggi skrifðuðu um okkur, þá heldur hann varla svefni.

Þetta er alls ekki rétt. En ég væri alveg til í að vera grenni samt.

Ég held að það hafi verið Simmi sem tók í mig á sínum tíma og sagði mér að snoða mig. Ég var lentur í smá skallarexíu, án þess að víta af því.

Við vorum saman í hótélherbergi og hann spurði í mót-tökunni hvort hótélherbergið væri með hárblásara, því hann þurfti alltaf að blása á sér hárið. Eini karlmaðurinn á Íslandi sem blés á sér hárið og pissaði sitjandi.

Ég hefði ekki blásið á mér hárið fyrir framan alþjóð. Hárfyrning er alveg alvöru dæmi. En ég komst í gegnum það.



Hver er fallegasti líkamshluti hans?

J Það er hamurinn, aftanvert lærið á honum síðan í spjóttinu. Hamstrengurinn slitnar ekki, alveg sama hvaða klippur þú myndir reyna á hann.

S Ég myndi segja að það væri innskotið rétt fyrir ofan rófubeinið á honum. Þar er hann með brúsk, það sprettur svona smá Vaglskógur á honum.

Er það ekki getnaðarlímurinn?

Nei, mér finnst þú nú reyndar ekki með neitt sérstaklega fallegan titling.



Hvað er skrytnast við hann?

J Það skrytnasta við hann er hvað hann hefur mikla samkennd með fólki og er tilbúinn að eyða tíma með hverjum sem er. Hann er maður litla mannsins, sem er í hrópandi andstöðu við hið mikla egó hans.

S Hann hefur aldrei á ævinni sett í þvottavél og getur ekki hengt upp mynd eða hillu.

Hver er helsti kostur hans?

J Hann er bara ótrúlega öflugur náungi. Mikill framkvæmdamaður og fylginn sér. „Talks the talk and walks the walk.“

S Hann er svakalega traustur í öllum mögulegum skilningi þess orðs. Hann myndi eiginlega drepa fyrir þig, þótt hann sé engan veginn ofbeldishneigður.

BT

Fyrir fermingarbörn og alla hina líka!

PACKARD BELL EASYNOTE

TJ65

4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
500GB SATA 5400RPM diskur
8xDVD SuperMulti DL skrifari
15.6" HD LED CrystalBrite 1366x768
512MB Intel X4500HD skjástýring
300Mbps þráðlaust Draft-N net
0.3MP innbyggð vefmyndavél
Windows 7 Home Premium 64-BIT

• 129.999



Packard Bell Dot Net

Intel T4200 2.0Ghz

AMD Athlon 64 L110 Single Core 1.2Ghz örgjörvi
2GB DDR2 533MHz vinnsluminni
250GB SATA 5400RPM harðdiskur
11.6" HD LED 16:9 skjár með 1366x768 upplausn
512MB ATI Radeon X1270 skjástýring með 128MB sjálfst.minni
6-Cell Li-ion rafhlaða með allt að 5 tíma endingu
Innbyggð 0.3MP vefmyndavél og Skype Certified MIC
Þyngd - Físlétt og örþunn aðeins 1,3kg
Stýrikerfi - Windows VISTA Home Premium

• 79.999

• 89.999




LACINEMA HD CLASSIC 1TB

1080P HD afspilun,
Spilar beint yfir net,
Spilar beint í gegnum USB,
HDMI,RCA,OPTICAL,USB OG
LAN

• 54.999

• 59.999



VERBATIM SJÓNVARPSFLAKKARI

Nettengi 10/100
1080i stuðningur við FullHD
Digital audio 5.1
Hægt er að læsa möppum með lykilorði
Spilar eftirtaldir skráargörðir:
MPEG 1,2,3 (MPG, MPEG, AVI, M2V,
DAT, VOB) / XviD,MP3, WMA,
OGG Vorbis,JPG

• 29.999



VERBATIM FLAKKARI

1TB

• 19.999

• 24.999



MICROSOFT X6-SIDEWINDER

Fullkomið lykklaborð fyrir hörðustu leikjaspilarana
Sjálfstætt talnaborð - henta vel fyrir örvhenta
30 forritanlegir hnappar
Baklýsing
Macro record - flýttir fyrir endurteknum aðgerðum.

• 12.999

• 14.999



MICROSOFT LIFECAM VX800

VGA upplausn
Innbyggður mikrafónur
skype,msn o.s.frv.

• 2.499

• 3.999



1 stk á mann

Nintendo DSi XL

Ótrúlega skemmtileg

• 39.999

93% stærri skjár



NINTENDO DS LITE

Tveir skjár og er sá neðri snertiskjár.
Tengi fyrir heyrnartól
Hljóðnemi sem gerir mögulegt
að raddstýra þar til gerðum leikjum.
Wi-Fi tenging svo hægt
sé að spila leiki gegnum netið
Raufar fyrir bæði DS
og Game Boy Advance leiki
Innbyggð spjalforrit með fjórum spjalrásum,
allt að 16 geta spillað í einu.

• 29.999



NINTENDO WII

• 49.999

• 54.999



ION USB DJ GRÆJA

Allt sem þarf til að DJ-ast í tölvunni,
Crossfader til að skipta milli laga,
Bass og treble stýring,
Hugbúnaður fyrir upptöku
USB tengi

• 24.999

• 29.999



ION PTUSB

Plötuspilari

Glæsilegur plötuspilari
Innbyggðir hátalarar
Getur gengið fyrir rafhlöðum
USB tengi - til að færa
Vinyl plötuna yfir á MP3
RCA tengi - til að tengja
við hljómþækjastæðu
Line-in - tilvalið fyrir
segulbandstækið
Einfaldur hugbúnaður fylgir

• 19.999

10.000 kr verðlækkun



Aðeins um helgina

ION FILMUSKANNI

FILM2SD

Skannar filmur og slides yfir á
tölvu eða beint á minnskort
Skjár sýnir myndirnar strax
5MP- 2592 x 1680 punkta
upplausn
Skannar allt að 30 myndir á
mínútu
Hugbúnaður fylgir

• 24.999



ION VIDEO2 PC

Videobreytir

Breytir analog video í digital
Einfaldur hugbúnaður fylgir,
til að klippa og brenna á DVD
Tilvalið til að koma videospólunum
eða gömlum upptökum á DVD
Lookbetter - tækni sem hámarkar
gæðin af videospólunum
RCA component og S- Video tengi
USB tengi

• 12999

• 14.999



Með fyrirvara um prentvillur, myndbrenngi og uppseldar vörur. Tilboðin gilda ekki með öðrum tilboðum.

BT SKEIFAN - BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444

Undirbúningurinn felst í kökuáti



SVANHILDUR HÓLM ÆTLAR AÐ BORDA KÖKUR MEÐ LIÐINU

Úrslit Útsvars, spurningakeppni sveitarfélaganna, eru á dagskrá Sjónvarpsins klukkan 20:10 á laugardaginn. Boðið verður upp á nágrannslag af bestu gerð því Reykjavík etur kappi við litla bróður úr Garðabæ. Vilhjálmur Bjarnason, lektor við Háskóla Íslands, hefur farið mikinn í liði Garðarbæjar í vetur. „Það er hver í sínu horni að lesa sitt og svo tölum við af og til saman, helst sem minnst. Við erum með svo góða verkaskiptingu í þessu og við vitum alveg hvernig liðsfélagarnir hugsa,“ segir Vilhjálmur og bætir við: „Við ætlum að minnsta kosti að gera okkar besta og svo ráða örlögin framhaldinu.“

Lið Reykjavíkur hefur verið firmasterkt í ár en fjölmiðlakonan Svanhildur Hólm Valsdóttir er á vinstri kantinum fyrir hönd höfuðborgarbúa. „Liðið hittist yfirleitt einu sinni fyrir hverja keppni. Undirbúningurinn felst aðallega í því að við borðum einhverja góða köku saman,“ segir Svanhildur en hún segir hlutverkaskiptinguna í liðinu góða. „Við erum með bókmenntafræðinginn í Jóni Yngva, Stefán er mikið í íþróttum og slíku en ég er mest í gagnslausri þekkingu,“ segir Svanhildur og bætir við: „Annars höfum við öll ýmis sérsvið sem Óli spurningahöfundur virðist ekki hafa neinn sérstakan áhuga á að spyrja út í.“



VILHJÁLmur OG FÉLAGAR ÆTLA AÐ HITTAST SEM MINNST



Íþróttasiður í Morgunblaðinu 26. mars 2010

Íþróttasiðan í Fréttablaðinu 26. mars 2010

MOGGINN ER Í SIGURSÆTI

Þú færð það sem þú borgar fyrir!

Morgunblaðið og mbl.is bjóða lesendum sínum yfirgripsmiklar og ýtarlegar íþrótt fréttir, innlendar og erlendar, og gera það með hraði.

Íþróttáhugafólk: Vinsamlega berið saman umfjöllun um íþróttir í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Það er engum blöðum um það að fletta hver hefur vinninginn.

mbl.is

Morgunblaðið

— Meira fyrir lesendur

sjónvarp SEM ÞÚ VERÐUR AÐ SJÁ

FIMMTUDAGUR 8. APRÍL



MASTERS-MÓTIÐ

Stöð 2 sport 21:00 Bein útsending frá fyrsta keppnisdegi á Augusta Masters-móti. Mótið er sérstakt að því leyti að sjálfur Tiger Woods mun þarna keppa á sínu fyrsta móti eftir að upp komst um hressileg svik hans í einkalífnum.

DESPERATE HOUSEWIVES

Sjónvarpið 21:25 Aðþrengdu eiginkonurnar hafa alltaf í nógu að snúast í einkalífnum enda skortir ekki dramatíkuna í þessum

FÖSTUDAGUR 9. APRÍL



AUÐI OG SVEPPI

Stöð 2 19:20 Auði og Sveppi virðast eiga óskaplega auðvelt með að gera skemmtilegt sjónvarpsefni. Snúa aftur eftir stutt fri og halda áfram að gera gott grín.

DJÚPA LAUGIN

Skjár einn 21:00 Í þættinum leggja íslensk ungmenni allt undir til að komast á draumastefnumótö.

ME, MYSELF AND IRENE

Stöð 2 21:40 Hress mynd með meistara Jim Carrey í aðalhlutverki. Fjallar um lögreglumann sem á tvo persónuleika sem eru báðir í fullu fjöri þegar hann gleymir að taka lyfn sín.

LAUGARDAGUR 10. APRÍL



UNDANÚRSLIT FA CUP

Stöð 2 sport 15:50 Chelsea og Aston Villa eigast hér við í leik um sæti í úrslitum elstu bikarkeppni veraldar í fótbolta, ensku bikarkeppninnar, en leikurinn fer fram á Wembley.

SATURDAY NIGHT LIVE

Skjár einn 21:20 Einn allra vinsælasti grínþáttur sjónvarpsögunnar. Í þessum þætti er hjartakúsarinn Ashton Kutcher gestaleikari.

BLADES OF GLORY

Stöð 2 01:40 Frábær grínmynd með Will Ferrell og Jon Heder úr Napoleon Dynamite í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um tvo listansara á skautum og er bráðskemmtileg.

SUNNUDAGUR 11. APRÍL

UNDANÚRSLIT FA CUP

Stöð 2 sport 14:50 Í seinni undanúrslitaleik ensku bikarkeppninnar eigast við Portsmouth og Tottenham. Eður Smári og Hermann Hreiðarsson mætast því miður ekki á Wembley þar sem Hemmi meiddist illa fyrir skemmstu.

RÉTTUR

Stöð 2 20:20 Rammíslenskt lögfræðidrama. Magnús Jónsson hefur farið á kostum í hlutverki lögfræðingsins Loga sem stendur í ströngu í þætti kvöldsins.

fílófaxið

TÓNLEIKAR, LEIKHÚS, SÝNINGAR, ÍPRÓTTIR, UPPISTAND, PUBQUIZ, TRÚBADORAR OG ALLT ANNAD

GAURAGANGUR

Borgarleikhúsið
20:00

Gaman að leika þessa hasargellu

Valgerður Guðnadóttir fer með hlutverk Lindu í Gauragangi sem gengur fyrir fullu húsi þessa dagana í Borgarleikhúsinu. „Þetta hefur gengið alveg ótrúlega vel. Aðsóknin hefur verið gríðarlega góð og fólk virðist skemmta sér rosalega vel enda er sýningin flott og fjörug,“ segir Valgerður sem sjálf missti af Gauragangi þegar verkið var sett upp í fyrsta skipti í Þjóðleikhúsinu.

„Ég veit eiginlega ekki alveg hvernig ég fór að því. Líklega hef ég verið á kaf í félagslífinu í Verzló en ég man eftir lögunum. Það bætir það vissulega upp að fá að taka þátt í þessari uppfærslu. Það er náttúrulega ekkert slor að fá að leika þessa hasargellu,“ segir Valgerður og bætir við: „Þetta er búið að vera ótrúlega skemmtilegt verkefni. Það er stór og skemmtilegur hópur sem kemur að sýningunni og gaman að fara í vinnuna og hitta allt þetta fólk.“

Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri Borgarleikhússins, leikstýrir sjálfur sýningunni en Valgerður ber honum vel söguna. „Hann stendur sig alveg frábærlega og er virkilega fær leikstjóri sem nær því besta út úr öllum,“ segir Valgerður.



8

apríl

Mynd/Grímur Bjarnason

BOLLYWOOD SÝNING

Turninn, Kópavogi
20:00

Fjórar sýningar urðu að fjórtán

„Það hefur verið hálf gert Bollywood-æði á Íslandi undanfarið. Ég fæ oft símtöl þar sem ég er spurð út í búninga og tónlist sem tengist þessu,“ segir Yesmine Olsson sem stendur fyrir Bollywood-sýningu í Turninum í Kópavogi. Yesmine býður upp á kvöldstund sem er blanda af indverskri matarveislu og danssýningu í Bollywood-stíl. Sýningin á föstudagskvöldið verður sú síðasta, í bili að minnsta kosti.

„Það getur vel verið að við förum aftur af stað með sýninguna seinna. Upphaflega ætluðum við að gera fjórar sýningar en nú held ég að þær séu orðnar fjórtán,“ segir Yesmine sem er ánægð með viðtökurnar. „Ég held líka að Íslendingum finnst indverskur matur almennt alveg rosalega góður,“ segir Yesmine.



9

apríl

fimmtudagur

8
apríl

föstudagur



UNDANÚRSLIT Í KÖRFUNNI

Ljónagryfjan, Njarðvík
19:15 Suðurnesjaslagur af bestu gerð. Baráttan um Reykjanes-bæ verður gríðarlega hörð og áhorfendur geta búið við gríðarlega spennandi viðureign. Líðið sem fyrst vinnur þrjá leiki í rímmunni fer áfram í úrslitin.

HÆNUUNGARNIR

Kassinn, Þjóðleikhúsinu
20:00 Nokkrir kjúklingar á tilboðs-verði hverfa úr frystikistu í fjölbýli sem á eftir að draga talsverðan dilk á eftir sér. Eggert Þorleifsson hefur fengið mikið lof fyrir frammistöðu sína í hlutverki hins óútreiknanlega djassáhugamanns, Sigurhans. Hænuungarnir eru annað verk Braga Ólafssonar.

GAURAGANGUR

Borgarleikhúsið
20:00 Ormur Óðinsson og félagar eru mættir aftur á fjalirnar í þessu ástæla verki Ólafs Hauks Símonarsonar. Í þetta skipti er Gauragangurinn í Borgarleikhúsinu og það ætti enginn að láta þetta stykki framhjá sér fara. Aðalhlutverkið er í höndum Guðjóns Davíðs Karlssonar en þess má geta að tónlistin í verkinu var sérstaklega af hljómsveitinni Ný dönsk þegar leikritið var sett upp í fyrsta skipti í Þjóðleikhúsinu.

HÆNUUNGARNIR

Kassinn, Þjóðleikhúsinu
20:00 Nokkrir kjúklingar á tilboðs-verði hverfa úr frystikistu í fjölbýli sem á eftir að draga talsverðan dilk á eftir sér. Eggert Þorleifsson hefur fengið mikið lof fyrir frammistöðu sína í hlutverki hins óútreiknanlega djassáhugamanns, Sigurhans. Hænuungarnir eru annað verk Braga Ólafssonar fyrir leiksviðið.

POLAR PUB QUIZ

Karaoke Sport Bar
21:00 Vinsælt pub quiz sem samanstendur af almennum, krossa- og myndaspurningum ásamt hljóddæmum. Að hámarki mega fjórir vera saman í liði en nokkuð veglegir vinningar eru í boði fyrir þá allra skörpustu.



REGÍNA ÓSK SYNGUR CARPENTERS

Salurinn
21:00 Regína Ósk tekur fyrir bestu lög Carpenters ásamt einvala liði hljóðfæraleikara og söngvara. Atburður sem enginn sannur Carpenters-áðdáandi má missa af.



ÚTGÁFUÐÓNLEIKAR HJÁ SKÚLA MENNSKA

Café Rosenberg
21:00 Tónlistarmaðurinn Skúli Þórðarson, betur þekktur sem Skúli mennski, fagnar útgáfu plötunnar Skúli mennski og hljómsveitin Grjót. Skúli mennski kemur fram á ýmsum stöðum yfir daginn, ýmist einn með gítar eða með hljómsveit, en hápunkturinn verður tónleikarnir um kvöldið.

TÓNLEIKAR

Hemmi & Valdi
22:00 Ruxpin, Troopa og DJ AnDre koma fram á tónleikum sem Extreme Chill stendur fyrir. Búast má við afslappandi stemningu ef tónleikahaldarinn stendur undir nafni.

ÓLAFSVAKA

Kaffi Zimsen
22:00 Sigurður Marteinsson eða DJ El Nino spilar klassískt rokk frá árunum 1970 til 1979. Þeir sem heita Ólafur fá fyrsta bjórinn frían en þurfa að muna eftir skilríkjunum.



SINFÓNÍUÐÓNLEIKAR

Langholtskirkja
19:30 Sinfóníuhljómsveitin heldur tónleika til heiðurs tónskáldinu Jóni Nordal í Langholtskirkju.



HLJÓMAR FRÁ MEXÍKÓ

Salurinn
20:00 Klassísku gítarleikarnir Santiago Gutiérrez Bolio & Santiago Lascuirain verða með tónleika bæði á einleiksgítar og fletta saman verk. „Sounds of Mexico“ er alþjóðlegt menningarátak til kynningar á mexíkóskri tónlist og mexíkónum sem starfa í Evrópu.

GAURAGANGUR

Borgarleikhúsið
20:00 Ormur Óðinsson og félagar eru mættir aftur á fjalirnar í þessu ástæla verki Ólafs Hauks Símonarsonar. Í þetta skipti er Gauragangurinn í Borgarleikhúsinu og það ætti enginn að láta þetta stykki framhjá sér fara. Aðalhlutverkið er í höndum Guðjóns Davíðs Karlssonar en þess má geta að tónlistin í verkinu var sérstaklega af hljómsveitinni Ný dönsk þegar leikritið var sett upp í fyrsta skipti í Þjóðleikhúsinu.

EILÍF ÓHAMINGJA

Borgarleikhúsið - Lítil salur
20:00 Eilíf Óhamingja er sjálfstætt framhald af verkinu Eilíf Óhamingja sem sett var upp í Borgarleikhúsinu árið 2007. Verkinu er lýst sem gamansamri en beitrri ádeilu á markaðshyggjuna. Handritsgerð er í höndum Andra Snæs Magnasonar og Þorleifs Arnarssonar. Þorleifur leikstýrir einnig verkinu en hann hefur getið sér gott orð sem leikstjóri á erlendri grund, nú síðast fyrir uppsetningu á Rómeó og Júlíu í Sviss sem hlaut mikið lof.

LOCALICE LIVE

Nasa
20:00 Allsherjar rokkhátíð sem Localice-framleiðslufyrirtækið stendur fyrir í samstarfi við breska tónlistartímaritið Kerrang! Fram koma íslensku hljómsveitirnar Cliff Clavin, For a Minor Reflection, Noise, Ten Steps Away, Nevolution, Our Lives og Sign.



BRENNUVARGARNIR

Þjóðleikhúsið
20:00 Leikritið Brennuvargarnir er eitt af frægustu leikritum 20. aldarinnar. Þetta er næstsiðasta sýningin á verkinu að sinni en á meðal leikendur eru Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Eggert Þorleifsson.

HJALTALÍN TÓNLEIKAR

Café Rosenberg
22:00 Hjaltalín hefur ekki átt í erfiðleikum með að fylla þá tónleikastaði sem hljómsveitin hefur spilað á að undanförunu. Það er því vissara að mæta tímanlega fyrir þá sem vilja ná góðu plássi.



Allt að gerast - alla fimmtudaga!



Ert þú að gera eitthvað skemmtilegt?

Þá viljum við fjalla um þig.

monitor@monitor.is

MONITOR

Allt að gerast - alla fimmtudaga!

HJALTALÍN TÓNLEIKAR

Cafe Rosenberg

22:00

Gaman að vera í nálægð við áhorfendur

Hjaltalín kemur fram á tvennum tónleikum á Café Rosenberg um helgina. „Við höfum spilað þarna fyrr í vetur. Það myndaðist hrikalega hugguleg stemning og það er gaman að vera svona nálægt áhorfendum. Við hlökkum öll til,“ segir Sigríður Thorlacius, söngkona Hjaltalín, en hún var á dögnum valin „Rödd ársins“ á Íslensku tónlistarverðlaununum. Hjaltalín er þessa dagana að fylgja eftir sinni annarri breiðskífu, Terminal, en sveitin var mikið á faraldsfæti á tónleikaferðalögum á síðasta ári. „Við verðum líklega að spila bara hérna heim fram á sumar að minnsta kosti. Platan er ekki komin út annars staðar en hér á landi en við erum að vinna í því að koma plötunni út. Þá förum við vonandi út en fram að sumri verðum við á Íslandi og ætlum að reyna að spila á nokkrum stöðum og hafa það notalegt bara,“ segir þessi frábæra söngkona að lokum.



10
apríl

laugardagur

DR. ROBERT YOUNG MEÐ FYRIRLESTUR

Rope Yoga setrið

09:00 Dr. Robert Young heldur daglangan fyrirlestur um pH-kraftaverkið sem er kenning sem hann hefur sett fram og veitir fyrir sér hvort orsök allra sjúkdóma sé of lágt pH-gildi. Þó eru líklega ekki margir sem ætla að skella sér með alla fjölskylduna þar sem miðaverðið er 39.000 krónur.

SKOPPA OG SKRÍTLA Á TÍMAFLAKKI

Borgarleikhúsið, litli salur

12:00 og 14:00 Tilvalin sýning til að fara á með krakka enda hafa Skoppa og Skrítlá verið eftirlæti ungra leikhús- og biógesta undanfarin ár.



FÍASÓL

Þjóðleikhúsið, Kúlan

13:00 og 15:00 Fíasól í Hosiló er sprellfjörug sýning fyrir alla fjölskylduna byggð á hinum geysivinsælu og margverðlaunuðu bókum Kristínar Helgu Gunnarsdóttur en sýningunni er leikstýrt af Vigdísí Jakobsdóttur.

HORN Á HÖFÐI

Rýmið, Akureyri

14:00 Barnasýning á vegum Leikfélags Akureyrar eftir Guðmund Brynjólfsson og Berg Þór Ingólfsson en leikstjórn er einnig í höndun þess síðarnefnda. Sagan segir af Birni litla sem vaknar einn morguninn með horn á höfðinu. Hann fær vinkonu sína í lið með sér til að komast að ástæðunni fyrir því að hann vill ekki lita út eins og geit það sem eftir er, en leikarar í sýningunni eru Sólveig Guðmundsdóttir, Sveinn Ólafur Gunnarsson og Víðir Guðmundsson.



GAURAGANGUR

Borgarleikhúsið

16:00 og 20:00 Ormur Óðinsson og félagar eru mættir aftur á fjálmir í þessu ástæla verki Ólafs Hauks Símonarsonar. Í þetta skipti er Gauragangurinn í Borgarleikhúsinu og það ætti enginn að láta þetta stykki framhjá sér fara. Aðalhlutverkið er í höndum Guðjóns Davíðs Karlssonar en þess má geta að tónlistin í verkinu var sersámin af hjómsveitinni Ný dönsk þegar leikritið var sett upp í fyrsta skipti í Þjóðleikhúsinu.

UNDANÚRSLIT Í KÖRFUNNI

DHL-höllin

16:00 Snæfellingar mæta í Vesturbæinn en viðureignir þessara liða eiga það til að ráðast á síðustu körfu leiksins. Spennan verður í hámarki en það lið sem fyrr vinnur þrjá leiki í rímmunni fer áfram á úrslitin.

MARTIAL NARDEAU OG DÉSIRÉ N'KAOUA

Salurinn

17:00 Flautu- og píanóleikararnir Martial Nardeau og Désiré N'Kaoua spila klassísk verk eftir meistarara á borð við Bach, Schubert, Fauré, Roussel og Prokofief í Salnum í Kópavogi.

ÞÝSK SÁLUMESSA

Hallgrímskirkja

17:00 Lokatónleikar á Kirkjulistahátíð 2010. Flutt verður Þýsk sálumessa eftir Johannes Brahms sem þýkir eitt af stórverkunum í kirkjutónlist. Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

39 ÞREP

Leikfélag Akureyrar

19:00 39 þrep, eða The 39 Steps, er nýlegur gamanleikur eftir Patrick Barlow, sem byggður er á hinn þekktu kvikmynd Alfreds Hitchcocks, eftir samnefndri skáldsögu Johns Buchans. Í þessu nýstárlega verki blandast saman spenna og gamanleikur en sýningin þýkir afar hröð og spennandi. Þess má til gamans geta að leikararnir fjórir í sýningunni, Atli Þór Albertsson, Björn Ingi Hilmarsson, Jóhann G. Jóhannsson og Þrúður Vilhjálmisdóttir, þurfa að bregða sér í 139 hlutverk meðan á sýningu stendur. Leikstjórn er í höndum Mariu Sigurðardóttur.

HÆNUUNGARNIR

Kassinn, Þjóðleikhúsinu

20:00 Nokkrir kjúklingar á tilboðs-verði hverfa úr frystikistu í fjölbýli sem á eftir að draga talsverðan dilk á eftir sér. Eggert Þorleifsson hefur fengið mikið lof fyrir frammistöðu sína í hlutverki hins óútreiknanlega djassáhugamanns, Sigurhans. Hænuungarnir eru annað verk Braga Ólafssonar fyrir leiksvið.

REGÍNA ÓSK SYNGUR CARPENTERS

Græni hatturinn

20:00 Regina Ósk tekur fyrir bestu lög Carpenters ásamt einvala liði hjóðfæraleikara og söngvara. Atburður sem enginn sannur Carpenters-aðdáandi má missa af.



GERPLA

Þjóðleikhúsið

20:00 Baltasar Kormákur leggur til atlögu við meistaraverk nóbelskaldsins, en Gerpla hefur aldrei áður verið sett á svið. Með hlutverk fóstbræðrana Þorgeirs Hávarssonar og Þormóds Kolbrúnarskálds fara Jóhannes Haukur Jóhannsson og Björn Thors.

HÆNUUNGARNIR

Kassinn, Þjóðleikhúsinu

20:00 Nokkrir kjúklingar á tilboðs-verði hverfa úr frystikistu í fjölbýli sem á eftir að draga talsverðan dilk á eftir sér. Eggert Þorleifsson hefur fengið mikið lof fyrir frammistöðu sína í hlutverki hins óútreiknanlega djassáhugamanns, Sigurhans. Hænuungarnir eru annað verk Braga Ólafssonar fyrir leiksvið.

DUBSTEP

Nasa

22:00 A.T.G. Og Techno.is taka höndum saman og standa fyrir einum stærsta atburði ársins í Dubstep-senunni á Íslandi. Technopýrstir einstaklingar ættu ekki að láta sig vanta.



ÓLÍVER
Þjóðleikhúsið
15:00
19:00

Óliver á flugi og Selma flytur út

„Þetta hefur verið frábært verkefni. Tvímælaust stærsta og flóknasta verkefni sem ég hef komið að. Það eru fjórutíu manns á sviðinu og þar af meirihlutinn börn með takmarkaða reynslu á sviði þannig að það var mjög krefjandi að kenna þeim í rauninni allt frá grunni. Þetta er bara svona risasöngleikur, þeir verða ekkert mikið stærri en þetta,“ segir Selma Björnsdóttir sem leikstýrir söngleiknum Óliver sem hefur gengið fyrir fullu húsi í Þjóðleikhúsinu frá jólum. Hún hefur leikstýrt þremur stórum sýningum undanfarið og kann vel við sig í leikstjórnastólunum en núna tekur hún næsta skref. „Ég er einmitt að fara að flytja til Englands í næstu viku þar sem ég ætla að taka mastersgráðu í leikstjórn. Öll fjölskyldan flytur út og við munum búa í Bristol næsta rúma árið,“ segir Selma að lokum.

Helgin mín

Sigurður Eggertsson, handboltakappi

„Ætli ég kaupi mér ekki flösku. Svo sest ég við símann og bíð eftir að einhver hringi. Af hverju ætti þessi helgi að vera eitthvað frábrugðin öðrum helgum?“ Segir handboltakappinn Sigurður Eggertsson sem leikur með Val í N1-deildinni. „Það hefur enginn hringt hingað til,“ segir Sigurður að lokum og er augljóslega spenntur fyrir helginni.



SKOPPA OG SKRÍTLA

Borgarleikhúsið, litli salur

12:00 og **14:00** Tilvalin sýning til að fara á með krakka enda hafa Skoppa og Skrítlá verið eftirlæti ungra leikhús- og biógesta undanfarin ár.



FÍASÓL

Þjóðleikhúsið, Kúlan

13:00 og **15:00** Fíasól í Hosiló er sprellfjörug sýning fyrir alla fjölskylduna byggð á hinum geysivinsælu og margverðlaunuðu bókum Kristínar Helgu Gunnarsdóttur en sýningunni er leikstýrt af Vigdísí Jakobsdóttur.

ALGJÖR SVEPPI

Íslenska óperan

13:00 og **16:00** Börnin elska Sveppa. Algjör Sveppi - Dagur í lífi stráks er frábær fjölskyldusýning í leikstjórn Felix Bergssonar en tónlistarstjóri er sjálfur Jón Ólafsson.



ÞÝSK SÁLUMESSA

Hallgrímskirkja

17:00 Lokatónleikar á Kirkjulistahátíð 2010. Flutt verður Þýsk sálumessa eftir Johannes Brahms sem þýkir eitt af stórverkunum í kirkjutónlist. Stjórnandi er Hörður Askelsson.



UNDANÚRSLIT Í KÖRFUNNI

Toyota-höllin, Keflavík

19:15 Suðurnesjaslagur af bestu gerð. Baráttan um Reykjanes-bæ verður gríðarlega hörð og áhorfendur geta búið við gríðarlega spennandi viðureign. Liðið sem fyrst vinnur þrjá leiki í rímmunni fer áfram í úrslitin.

EILÍF ÓHAMINGJA

Borgarleikhúsið - Litli salur

20:00 Eilíf óhamingja er sjálfstætt framhald af verkinu Eilíf hamingja sem sett var upp í Borgarleikhúsinu árið 2007. Verkinu er lýst sem gamansamri en beittri ádeilu á markaðshyggjuna. Handritsgerð er í höndum Andra Snæs Magnasonar og Þorleifs Arnar Arnarssonar. Þorleifur leikstýrir verkinu en hann hefur getið sér gott orð á erlendri grund, nú síðast fyrir uppsetningu á Róméo og Júlíu í Sviss.

FAUST

Borgarleikhúsið

20:00 Það eru liðin fjórutíu ár síðan Faust fór síðast á leiksvið á Íslandi en nú gefst áhugasömum tækifæri til að berja sýninguna augum í Borgarleikhúsinu. Í þetta skipti er leikstjórn í höndum Gísla Arnar Garðarssonar en það er enginn annar en Nick Cave sem sér um tónlistina í sýningunni ásamt Warren Ellis.

“Ég er foli og það eru hestöfl í Hámarki”

HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR

25g prótein
99% fitulaus
Enginn hvítur sykur

HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR

25g prótein
99% fitulaus
Enginn hvítur sykur

HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR

25g prótein
99% fitulaus
Enginn hvítur sykur

HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR

VINSÆLASTI PRÓTEINDRYKKUR Á ÍSLANDI



– EMPIRE

"A Ridiculously entertaining , perfectly paced , ultra violent cinematic rush that kicks the places other movies struggle to reach."



AARON JOHNSON

CHRISTOPHER MINTZ-PLASSE

MARK STRONG

CHLOË GRACE MORETZ

AND NICOLAS CAGE



SHUT UP. KICK-ASS.

FRUMSÝND 16. APRÍL

Sérstök forsýning
effir miðnætti (kl. 01:00)
laugardaginn 10. apríl í
Sambíóunum Kringlunni

DREIFING: SAMFILM

